

standa áfram í vörumerkjaskránni, þótt þau fullnægi eigi skilyrðum laga þessara til þess að verða skráð sem ný vörumerki.

Um þau vörumerki, sem skráð eru samkvæmt eldri lögum, kemur skráning í vöruflokka, sem um ræðir í 16. gr., eigi til framkvæmda, fyrr en skráning er endurnýjuð.

48. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög nr. 43 13. nóvember 1903; lög nr. 13 13. janúar 1938; lög nr. 77 26. júní 1941, svo og önnur lög, er brjóta kunna í bága við lög þessi.

Með tilkynningar, sem borízt hafa vörumerkjaskráritara, áður en lög þessi öðlast gildi, og ekki hafa hlotið afgreiðslu, skal farið eftir eldri lögum. Ef tilkynnandi óskar, skal þó farið með slíkar tilkynningar eftir þessum lögum.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur falið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem

1. eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. eiga lögheimili hér á landi,
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru eigi sviptir lögræði.

2. gr.

2. töluliður 1. málgr. 15. gr. laganna orðist svo:

2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar málsgreinar, að þeir hafa ekki fyllt 20 ára aldur, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum fyrir lok þess árs, er kosningar fara fram.

3. gr.

2. málgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefur ekki fullnægt aldursskilyrðinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefur náð að fullnægja því, og skal rita framan við mánaðardaginn: Fær atkvæðisrétt.

4. gr.

Á eftir 2. mgr. 27. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ef sá aðili, sem samkvæmt reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista, eða staðfesta framboðslista endanlega, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn, skal yfirkjörstjórn úrskurða slíkan lista utan flokka og landskjörstjórn úthluta uppbótarþingsætum í samræmi við það.

5. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 58. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Hreppsnefnd er heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

1. maí 1968.

Nr. 49.

L Ö G

um áskorunarmál, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936,
um meðferð einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samkvæmt þessum lögum mega fara fjárkröfur samkvæmt vixlum, tékkum, skuldabréfum og öðrum einhliða óskilyrtum skuldaviðurkenningum, svo og mál til heimtu peningaskulda, sem stafa af lausafjárkaupum, sbr. lög nr. 39 19. júní 1922, enda hafi þá stefnandi staðið við skuldbindingar af sinni hálfu.

2. gr.

Stefna í málum þessum skal vera þannig úr garði gerð, að stefndi megi örugglega sjá, um hvaða kröfur sé um að tefla.

Í stefnu skal greina:

1. Nöfn aðilja, stöðu og heimili eða dvalarstað.
2. Nöfn fyrirsvarsmanna aðilja, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða starfstofu.
3. Dómkröfur.
4. Ýtarlega lýsingu málavaxta.
5. Réttarsamband milli aðilja og þau atvik og ástæður, sem stefnandi telur staðfesta réttmæti kröfu sinnar.
6. Dómþing, stað þess og stund, svo og stefnufrest.